


MYNDLIST

Karlmennska, rými og kenjar

Sýningar á verkum Finns Arnars Arnarssonar, Katrínar Sigurðardóttur og Francisco Goya verða opnaðar í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur í kvöld og munu þær allar standa til 3. október.

Finnur vinnur með hið hversdagslega í listsköpun sinni og birtist það í ljósmyndum hans, innsetningum og myndbandsverkum. Í nokkrum þeirra hefur hann fjallað um einmanalega og jafnvel órvæntingarfulla tilvist karlmannsins í samtímanum. Hann vekur upp spurningar þegar verk hans eru skoðuð nánar því þau eru þrungin spennu og drunga sem karlmaðurinn ræður illa við þótt við fyrstu sýn virðist þær aðstæður sem hann setur sig í lítt áhugaverðar.



VERK KATRÍNAR SIGURÐARDÓTTUR
Veggur sem býður upp á ótal möguleika. Bæði til að loka af en einnig til að skapa nýtt rými.



KENJARNAR Sýning á verkum Goya verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi í kvöld.

Katrín Sigurðardóttir býr og starfar í Bandaríkjunum. Í verkum sínum hristir hún gjarnan upp í hugmyndum um nálægð og fjarlægð og hvernig við skynjum. Í nýju verki hennar í Listasafninu vinnur Katrín með vegg sem hindranir, en einnig möguleikann sem veggir bjóða upp á með því að bjóða upp á nýjar merkingar, tengingar og sálfræðilega möguleika.

Kenjarnar eru sýning á grafíkverkum spænska listamannsins Francisco de Goya, sem er talinn til eins af meisturum listasögunnar. Sýningin var fyrst opnuð á Listasafni Akureyrar í maí og var það í fyrsta sinn sem verk eftir Goya var sýnt á Íslandi. Sýningin kemur frá hinu Konunglega svartlistasafni Spánar, Calco-grafía Nacional í Madrid. ■



EINAR ÖRN BENEDIKTSSON Menningarnóttin fer fram með nýstárlegum og fjölbreytilegum hætti í Hafnarhúsinu þar sem Einar Örn leikur spunatónlist í tíu klukkustundir.

Einar Örn í tíu tíma

Fyrir þá sem ekki geta gert upp á milli þess sem í boði er á Menningarnótt er tilvalið að skella sér í Hafnarhúsið. Í fjölnotasal listasafnsins verður sennilega heildstæðasta myndin af því sem gerist á Menningarnóttinni. Í víðtæku samverki sem gengur út á samskipti leikur Einar Örn og hljómsveitin Ghostigital frjálst af fingrum fram í tíu klukkustundir. Hljóðbútum og myndum sem send eru frá almenningi af bæjarlífinu með MMS-skilaboðum verður varpað að sviðinu og tónlistin spunnin út frá því sem berst hverju sinni. Þannig gefst gestum, gangandi og þeim sem heima sitja tækifæri á að taka þátt í tónleikunum.

Dagskráin hefst klukkan 13 og leggur Einar Örn af stað með lítið lag sem svo þróast í allar áttir. Fjölmargir listamenn leggja honum lið með framlagi í tónlistarsköpuninni, svo sem Sjón, Mínus, Maus, Kimono,

Gísli Galdur, Davíð Þór Jónsson og margir fleiri en Einar Örn lofar að vera á sviðinu alla tíu klukkutímana. „Við tökum okkur engar pásur enda verður þetta svo skemmtilegt að það er engin ástæða til að stoppa. Tónlistin mun þeytast í allar áttir, frá óperusöng, djassi, rokki og rappi yfir í alls kyns tilraunatónlist. Erfitt er að segja hvernig þetta fer allt saman því við vitum ekkert hvernig myndir verða sendar inn en við munum sjá til þess að skapa tónlistarumgjörð Menningarnætur,“ segir Einar Örn.

Eftir Menningarnótt verða tónleikarnir endurfluttir af bandi í listasafninu þar sem umhverfið helst óbreytt en tónlistarmennirnir verða hvergi nærri.

Til að allir hafi nægilegt svigrúm til síns innleggs og vegna fjölda listamanna á staðnum var ákveðið að gefa tónleikunum afslappaðan og rúman tíma. ■

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

AGÚST

17 18 19 **20** 21 22 23

Föstudagur

■ ■ **TÓNLEIKAR**

- 19.00 Fremstu hiphop-taktsmiðir landsins halda tónleika á **Loftinu** í Hinu Húsinu.
- 20.00 Kammersveitin **Ísafold** heldur tónleika í **Nýheimum**, Höfn í Hornafirði.
- 22.00 **Gummi Jóns** leikur og syngur eigin lög, á Ráðshúskaffi, Þorlákshöfn.
- 22.00 **Dáðadrengrir, Hölt hóra** og **Búdrýgindi** á Grand Rokk.

■ ■ **LEIKLIST**

- 20.00 **Dýrðlegt fjöldsálfsmorð** eftir Arto Paasilina á **Nýja sviði** Borgarleikhússins.

■ ■ **LISTOPNANIR**

- Sýningin **Horn og bein**, opnar í Listmúna-horninu á **Minjasafni Reykjavíkur - Árbæjarsafni**. Sýningin stendur til 26. ágúst.

■ ■ **SKEMMTANIR**

- 19.00 Síðasta **grillveisla X-ins** á Grand Rokk. Eftir mat verður **Lúftgítarkeppni**.
- 23.00 **Geimundur Valtýsson** og hljómsveit spila á **Kringlúkránni**.
- 23.59 **Dj Grétar G** í búrinu á Dátanum, Akureyri.
- Dj Jöri og Daði** verða á **Vegamótum**.
- Dúettinn **Halli og Kallí** spila á Ara í Ögra.
- Atli skemmtanalögga** stjórmar Hressó.
- Doktorinn** spilar á Felix.
- Svali** á Sólon.
- Gilítrutt** leikur á Kristjáni tíunda á Hellu.
- Hermann Ingí jr** spilar á **Búálfinum**.
- Rúnar Þór** spilar á **Rauða ljóninu** í kvöld.
- Á móti sól** leikur á Players, Kópavogi.
- Dj. Andri** spilar á Hverfisbarnum.
- SÍN** leikur fyrir dansi á Gullöldinni.



Menningarnótt Skítamórall

Leikhúskjallaranum laugadagskvöld

Mættu svo þú getir tekið þátt í umræðunni á mánudaginn!!



HALLE BERRY
ER
CATWOMAN



www.sambioin.is